

Nr. 17-148 S 112 Bjarni Sæmundsson RE 30**Skipverji brennist**

Skipaskr.nr. 1131
 Smíðaður: Bremenhaven Þýskalandi 1970, stál
 Stærð: 776,6 brl. 822 bt.
 Mesta lengd: 55,88 m Skráð lengd: 50,26 m
 Breidd: 10,6 m Dýpt: 7 m
 Vél: MAN 1326 kW, 2005
 Fjöldi skipverja: 20



Bjarni Sæmundsson©Hilmar Snorrason

Gögn:
 Lögregluskýsla
 Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgangur á fundi 12. mars 2018 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasoni, Pálma K Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:


Þann 27. september 2017 var Bjarni Sæmundsson RE 30 á siglingu á Grímseyjarsundi. Veður: SA 13 m/s.

Skipinu var haldið upp í meðan verið var að borða og taka til eftir kvöldmatinn. Þegar skipinu var snúið aftur á fyrri stefnu, í norðurátt fékk það á sig brot og hallaði mikið. Við það rann hitaketill í eldhúsi út af borði og skvettist sjóðandi heitt vatn úr honum framan á einn skipverjann.

Skipverjinn brenndist illa á hægri fæti og var hann settur í kalda sturtu og brunasárin kæld.

Við rannsókn kom fram:

- að hitaketillinn var laus á borðinu;
- að hitaketillinn átti að vera festur með því að smeygja honum upp á krók á þilinu sem gekk upp í vasa aftan á katlinum og síðan var teygjubandi brugðið fram fyrir hann.



Festing á þili og vasi á katli



Teygjufesting að framan

Nefndarálit:

Orsök slyssins var laus hitaketill.